



KÝR 2004 Ölfushöllinni 28. ágúst

Hátíðisdagur kúabænda



Vaður 02011 verður á KÝR 2004

Vaður kemur frá Nautastöð BÍ og er undan Kaðli 94017 og metkúnni Skræpu 252 í Stóru-Hildisey 2

Börn og unglingar sýna kálfa, holdagripir kýr og kvígur, skemmtiatriði, verðlaunagetraun, sýning vélasala og þjónustuaðila

Dagskráin verður á www.bssl.is

Stórkostlegt tækifæri til að sjá fallegar kýr, vel tamda kálfa, vélar, tæknibúnað og eiga góðan dag.

Allir velkomnir á KÝR 2004

Búnaðarsamband Suðurlands og Félag kúabænda á Suðurlandi - www.bssl.is



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Ágúst 2004 - 26. árgangur - 11. tölublað

KÝR 2004

Enn er tækifæri til þess að skrá gripi á kúasýninguna KÝR 2004 sem haldin verður í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli þann 28. ágúst nk. Til sýningar vantar gripi í eftirtalda flokka:

Kálfar — sýnendur 12 ára og eldri
Mjólkurkýr, þ.e. kýr sem hafa borið tvisvar eða oftar

Ef menn eiga kálfa sem eru fallegir eða sérstakir á litinn og eru tilbúnir að koma með þá til sýningar vinsamlega hafið samband við Guðmund, sími 480 1808, netfang mundi@bssl.is. Hugmyndin er að vera með litasýningu fáist til þess kálfar og þurfa þeir ekki að vera tamdir.



Síðsumarsýningin á Gaddstaðflötum

Mínum á að sýningin verður haldin frá mánudeginum 16. ágúst til miðvikudagsins 25. ágúst nema skráning verði því meiri, þá verður bætt við dögum.

Skráning stendur nú yfir til 10. ágúst. Allar nánari upplýsingar á www.bssl.is eða í síma 480 1800.

Halla Eygló Sveinsdóttir - Pétur Halldórsson

Virðisaukaskattsuppgjör

Bændabókhald Búnaðarsambands Suðurlands minnir á að greiðsludagur virðisaukaskatts fyrir tímabilið janúar — júní er þann 1. september n.k.

Þeir bændur sem eru í virðisaukaskattsuppgjöri hjá Bændabókhaldi BsSl. eru vinsamlegast minntir á að skila inn öllum gögnum fyrir framangreint tímabil sem allra fyrst.

Sérstakt álag, 30%, leggst við útselda vinnu komi til þess að vinna þarf uppgjörið í yfir- og/eða helgarvinnu þar sem gögnum hafi ekki verið skilað tímanlega.

Bændur eru jafnframt minntir á að ná í

eldri bókhaldsgögn sem eru í geymslu hjá okkur. **Bændabókhald BSSL**

Magninnkaup

Búnaðarsambandið stendur nú fyrir magninnkaupum á fánastöngum og ljósa-staurum. Skráningarfrestur er til **13. ágúst** nk. í síma 480 1800 en nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku svo hægt sé að tala um fjölda þegar leitað er tilboða. Ástæða er til að hvetja bændur og aðra til að vera með því verðin lofa góðu. Nánari upplýsingar á www.bssl.is eða í síma 480 1800

EFNI BRÉFSINS

KÝR 2004
Bls. 1

Síðsumarsýning á Gaddstaðflötum
Bls. 1

Magninnkaup
Bls. 1

Virðisaukaskattsuppgjör
Bls. 1

Eru heysýnin enn í frystikistunni
Bls. 1

Harmony er komið
Bls. 2

Horfurnar í mjólkinni
Bls. 2

Kálæxlaveiki
Bls. 2

Tilboð óskast í greiðslumark sauðfjár
Bls. 2

Kostnaður við rúllun ...
Bls. 3

Útflutningshlutfall kindakjöts
Bls. 2

Reiknilíkön
Bls. 3

KÝR 2004 - auglýsing
Bls. 4

Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Símonarson
Runólfur Sigursveinsson
Guðmundur Jóhannesson

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: <http://www.bssl.is>
ISSN 1605-7546
Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Eru heysýnin enn í frystikistunni?

Harmony er komið

Njólæitrið Harmony hefur fengist flutt til landsins til prófunar. Eins og menn muna var ein af tillögum aðalfundar Búnaðarsambandsins sl. vor að sporna yrði við útbreiðslu njóla en góð sumur sl. ár hafa verið honum afar hagstæð og honum fjölgað meira en góðu hófi gegnir. Þau efni sem hér hafa verið á markaði undanfarnir ár s.s. Herbamix/Herbatox hafa ekki reynst fullnægjandi á njóla þó þau hafi virkað vel á t.d. fifla.

Eftir aðalfundinn hófst flókið ferli til að reyna að fá innflutt sértækt njólæitur sem ber verslunarheitið Harmony. Það var prófað í smáum stíl fyrir nokkrum árum á vegum RALA og reyndist vel. Því var áhugi á því að fá þetta efni flutt hingað til lands til prófunar meðal bænda. Hefur það nú tekist með samstilltu átaki Búnaðarsambands Suðurlands, Bændasamtaka Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Gróðurvara sem er innflutningsaðilinn.

Harmony er smáskammtaefitur, aðeins þarf um 10-20 grömm af efninu á hektara. Það fæst hjá Gróðurvörum í Reykjavík í 40 gramma pakkningum (duft) og kostar hver um sig 9.980 krónur fyrir utan vsk. Skilyrði fyrir sölu er að Magnús Á. Ágústsson ylræktarráðunautur Bændasamtakanna votti að viðkomandi kaupandi hafi fengið leiðbeiningar um notkun efnisins og megi kaupa það.

Hægt er að hafa samband við Magnús í síma 480-4318 eða á netfangið maa@bondi.is

Athugið að nú er liðið fremur langt fram á sumar og

að flestir njólar eru farnir að bera fræ. Sé efninu úðað nú drepst vissulega viðkomandi planta en fræin skaðast ekki og upp af þeim munu væntanlega koma nýjar plöntur næsta vor. Því er aðeins hægt að ráðleggja notkun efnisins það sem eftir er af sumri á njóla sem t.d. hefur verið sleginn og er því ekki farinn að mynda fræ.

Besta virkni efnisins er snemmsumars þegar njólinn er í örri sprettu og er ekki farinn að mynda fræ. Það er hins vegar um að gera fyrir bændur að tryggja sér efnið í tíma því aðeins voru flutt inn örfá kíló af efninu og má búast við að þau verði fljót að klárast.

Jóhannes Hr. Símonarson

Kálæxlaveiki

Þeir bændur sem hafa lokað fyrrum kálökkrum með grasfræi í sumar til varnar kálæxlaveiki eiga rétt á bótum frá Bjargráðasjóði.

Mínum bændur á að nauðsynlegt er að sækja um sem fyrst á þar til gerðum eyðublöðum sem send voru út fyrir í sumar.

Þau má einnig nálgast á skrifstofum BSSL á Hvolsvelli og á Selfossi.

Horfurnar í mjólkinni

Á gamla innleggsvæði MBF, þ.e. Árnes-, Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslum voru alls 1.303.722 lítrar eftir af greiðslumarki í júlilok. Innlegg í MBF í júlí á sama svæði var 3.398.150 lítrar og ef innleggið í ágúst verður svipað stefnir í að framleiðslan verði 2,1 milljón lítrar umfram greiðslumarkið eða um 500.000 lítrum umfram 4%. Reynslan sýnir hins vegar að innlegg í ágúst er yfirleitt nokkru minna í ágúst en júlí. Ef miðað er við sömu hlutfallsminnkun milli mánaðana nú og var á síðasta greiðslumarkssári má reikna með að innlegg í MBF á svæði BSSL verði um 150-200.000 lítrar umfram 4%.

Samkvæmt upplýsingum frá SAM voru alls lagðir inn um 9.550.000 lítrar í júlímánuði, (bráðabirgðatölur) og eru þá eftir 4,2 milljónir lítra af greiðslumarkinu á landsvísu. Gera má ráð fyrir að innlegg í ágúst verði um 8,5-9 milljónir lítra en það þýðir 4,5-5 milljónir lítra innlegg umfram greiðslumark. Eins og kúabændur vita lofuðu afurðastöðvarnar að greiða fyrir próteinhluta mjólkur fyrir samtals 3 milljónir lítra þannig að ljóst er að reynist þessar tölur

réttar mun ekki fást greitt fyrir um 1,5-2 milljónir lítra annað en C-greiðslan sem áætla má að verði um 11-12 kr/líter. Ef borin eru saman verðlagsárið nú og það síðasta er verðlagsárið nú um mánuði á eftir ef svo má segja, þ.e. staðan nú eftir júlímánuð er eins og eftir júnímánuð í fyrra.

Tilboð óskast í greiðslumark sauðfjár

Tilboð óskast í 130,0 ærgilda greiðslumark í sauðfé. Tilboðin skal senda inn fyrir 15. september 2004 til Búnaðarsambands Suðurlands á Selfossi merkt: Sauðfjárvóti 130. Greiðslumark þetta nýttist ekki fyrir en á greiðslumarkssárinu 2005. Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Kostnaður við rúllun og pökkun á heyi

Hagþjónusta landbúnaðarins hefur áætlað kostnað við rúllun og pökkun á þessu sumri, miðað er við kostnaðartölur út frá verði í júlí 2004. Í forsendum kostnaðartalnanna er tekið tillit til ýmissa þátta s.s. kaupverðs rúllu- og pökkunarvéla en miðað er við meðaltal verðlistaverðs frá Vélum & Þjónustu hf. og Þór hf. Út úr því fæst að kaupverð rúlluvélar er

1.961.600 kr. og pökkunarvélar 1.020.000, báðar tölurnar án vsk. Miðað er við að árleg notkun vélanna sé 1.200 rúllur á ári, raunvextir upp á 7,0% og ending vélanna sé 10 ár.

Ef litið er á breytilega kostnaðinn, þá er reiknað með að brúttóafköst rúllu- og pökkunarvéla séu 25 rúllur á klst, að garnrúlla sem kostar 1.550 kr/u.vsk. endist á 45 rúllur og og filmurúlla sem kostar 5.500 kr/u.vsk. endist á 21 rúllu Nánar má sjá heildarkostnaðinn í töflu 1.

Kostnaður við að binda hefðbundna litla bagga (þurrheys-bagga) með garni er metinn upp á 24,57 kr/bagga en án garns 21,47 kr/bagga án VSK. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Hagþjónustu landbúnaðarins www.hag.is undir útgáfa.

Jóhannes Hr. Símonarson

Tafla 1.

Áætlaður kostnaður við að rúlla og pakka hey sumarið 2004, krónur á rúllu

	Bindikostn. án VSK	Bindikostn. með VSK
Rúllubinding með garni	403,60	502,48
Rúllubinding án garns	369,15	459,60
Rúllupökkun með plasti	484,23	602,87
Rúllupökkun án plasts	222,33	276,80
Samt. rúllun og pökkun m/garni og plasti	887,83	1.105,35
Samt. rúllun og pökkun án garns og plasts	591,48	736,40

Útflutningshlutfall kindakjöts 2004-2005

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2004 - 2005, verði sem hér segi:

Dilkakjöt:

Tímabil	Útflutningshlutfall
01. júlí 2004 - 22. ágúst 2004	10%
23. ágúst 2004 - 29. ágúst 2004	17%
30. ágúst 2004 - 05. sept. 2004	24%
06. sept. 2004 - 12. sept. 2004	31%
13. sept. 2004 - 28. nóv. 2004	36 - 38% *)
29. nóv. 2004 - 28. febr. 2005	24%
01. mars 2005 -	10%

*) Hlutfall fyrir tímabilið 13. september til 28. nóvember 2004, verði nánar ákveðið innan þessara marka og auglýst fyrir 1. september n.k.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

Reiknilíkön

Ástæða er til að benda nettengdum bændum á hin ýmsu reiknilíkön sem finna má á netinu.

Á heimasíðu Búnaðarsambandsins, www.bssl.is hafa t.d. nýlega verið sett inn líkön sem ætlað er að svara spurningunum, „Hvaða máli skiptir próteinið í mjólkinni?“ og „Hvaða máli skiptir efnainnihaldið í mjólkinni?“

Þar gefst bændum kostur á að slá inn sínar eigin forsendur s.s. greiðslumark og sjá þá í hendi sinni svar við þessum spurningum fyrir sitt eigið bú.

Ætlunin er að búa til fleiri reiknilíkön sem bændur geta notfært sér og ábendingar um gagnleg líkön eru vel þegin.

Jóhannes Hr. Símonarson

Ath. nú er hægt að lesa fréttabréfin á netinu: bssl.is

